

FRÁSÖGN

af samráðsfundi Norður- og Eystrasaltslandanna innan þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Reykjavík 3. maí 2016

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sótti fundinn Elsa Lára Arnardóttir, formaður, Guðmundur Steingrímsson, varaformaður, og Sigríður Á. Andersen auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur, alþjóðaritarar. Fundinn sóttu 16 þingmenn Norður- og Eystrasaltslandanna innan ÖSE-þingsins. Á dagskrá var undirbúningur fyrir ársfund þingsins í Tbilisi í júlí 2016, ásamt þremur málstofum um áhrif aukinnar spennu á milli Rússlands og Vesturlanda á íslenska utanríkisstefnu, alþjóðlega hreyfingu Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (e. UN Women), HeForShe, og flóttá- og farandverkamannavandann í Evrópu, með áherslu á stefnu Íslands í málaflokknum.

Guðmundur Steingrímsson kynnti ályktunartillögu Íslandsdeildar fyrir ársfund ÖSE-þingsins í Tbilisi, sem hann er fyrsti flutningsmaður að. Í ályktuninni er lagt til að framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins vinni í samstarfi við ÖSE-stofnunina aðgerðaáætlun um aukið og nánara samstarf stofnanna tveggja, sem og nýjar leiðir fyrir þingmenn til að taka á áþreifanlegan og árangursríkan hátt þátt í starfi þingsins við að efla lýðræði, réttarríki, öryggi og mannréttindi á ÖSE-svæðinu. Framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins er beðinn um að leggja aðgerðaáætlunina fyrir ÖSE-þingið á haustfundi þess árið 2017. Guðmundur sagði ályktunina mikilvægt skref sem veitti forustu ÖSE-þingsins lýðræðislegt umboð til aukins og betra samstarfs við ÖSE-stofnunina. Þingið ætti að vera lýðræðislegur burðarás ÖSE sem yki gildi stofnunarinnar. Einnig var rætt um mikilvægi þess að bæta innra starf ÖSE-þingsins. Til að mynda væri mikill skortur á gagnsæi við kjör í landsdeildir og embætti ÖSE-þingsins. Þá væri lýðræðið afar veikt í fjölda aðildarríkja sem drægi úr mætti ÖSE-þingsins.

Varaformaður sænsku landsdeildarinnar kynnti ályktunartillögu um baráttu gegn spillingu á ÖSE-svæðinu. Í henni er kallað eftir að aðildarríki ÖSE verði í fararbroddi þegar kemur að baráttunni gegn spillingu. Lagt er upp með aðildarríkin endurskoði löggjöf sína í því ljósi og að öll spilling verði refsiverð. Þá er hvatt til aukins alþjóðlegs samstarfs gegn spillingu og nánara samstarfs milli þjóðþinga um málaflokkinn.

Í hringborðsumræðum um stöðu stjórn mála á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum sagði Sigríður Á. Andersen sagði frá hræringum í íslenskum stjórn mála síðustu mánuði, fór yfir stöðu efnahagsmála á Íslandi og sagði frá fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu 5 ára. Fulltrúi Finnlands sagði frá nýrri skýrslu um áhrif mögulegrar aðildar Finnlands að Atlantshafsbandalaginu (e. NATO) sem og af því að Svíþjóð gengi í bandalagið. Ekki væri gott fyrir annað ríkið ef hitt gengi í bandalagið. Því hefðu löndin tvö aukið samstarf sitt á sviði varnarmála. Fulltrúar Eistlands sögðu helstu ógn við öryggi Eistlands vera aðgerðir Rússlands nálægt landamærunum, í kringum Eystrasaltið og í Úkraínu. Nú þegar Rússar hefðu lokið hernaðaraðgerðum í Sírylandi væri hætta á að þeir færu af meira afli inn í Úkraínu á ný. Fulltrúar Noregs sögðu lægra olíuverð á heimsmarkaði hafa skapað mikinn vanda í Noregi með stórauðni atvinnuleysi, sérstaklega á meðal ungs fólks. Flóttamannavandinn væri einnig mikil áskorun. Norðmenn vildu áframhaldandi samstarf við Rússland um málefni norðurslóða en Úkraínudeilan hefði auðvitað haft þó nokkur áhrif á samband Noregs og Rússlands. Fulltrúi Danmerkur sagði flóttamannavandann vera eina helstu áskorun Danmerkur nú. Illa gengi að aðlaga múslima að dönsku samfélagi sem og að taka á hryðjuverkahópum múslima í landinu. Fulltrúar Letta lögðu áherslu á þá öryggisögn sem utanríkisstefna Rússlands skapaði fyrir Lettland. Í viðleitni til að verjast þeirri ógn væru letnesk stjórnvöld nú að byggja girðingu á

austanverðum landamærum sínum, hefðu bannað útsendingar rússnesks sjónvarps sem og að Lettar af rússneskum uppruna gætu sótt sér herþjálfun í Rússlandi. Flóttamannavandinn væri ekki stór í Lettlandi, það hefði sýnt sig að flóttafólk hefði ekki áhuga á að flytja til Austur-Evrópu. Ótækt væri að Evrópusambandið þvingaði aðildarríkin til að taka á móti ákveðnum fjölda flóttamanna. Fulltrúar Svíþjóðar sögðu árásgjarna hegðun Rússa á sænsku flugsvæði skapa mikla hættu og vera algjörlega óviðunandi. Ekki liti út fyrir að Svíþjóð yrði aðili að NATO á komandi árum. Flóttamannavandinn væri gríðarlega mikill í landinu en aðalatriðið í dag væri að ESB gæti unnið saman að því að leysa vandann. Fulltrúar Litháen sögðu árásgjarna hegðun Rússa mikið vandamál og að Litháen væri að undirbúa vörn sína, herskylda hefði verið tekin upp á ný en fjöldi sjálfboðaliða væri einnig mjög mikill. Varnarsamstarf á vettvangi NATO væri það eina sem gæti hjálpað Litháen í þessari stöðu. Öryggis- og varnarmál væru þó ekki efst í hugum kjósenda í landinu heldur efnahagsleg afkoma og heilbrigðis- og menntakerfið.

Guðni Th. Jóhannesson, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands, hélt erindi um öryggis- og varnarmál Íslands frá 17. öld til dagsins í dag með sérstaka áherslu á heimsstyrjaldirnar tvær og kalda stríðið, veru bandaríkjahers á Íslandi og varnarmálasamning Íslands og Bandaríkjanna. Í umræðum var m.a. rætt um helstu öryggisógnir Íslands í dag og framlag landsins til alþjóðlegra öryggis- og varnarmála. Fram kom að helstu áskoranir Íslands tengdust náttúruhamförum en efnahagslegt öryggi væri einnig mikið til umræðu eftir efnahagshrunið árið 2008. Þá væri hryðjuverkaógnin til staðar á Íslandi eins og annars staðar. Helsta framlag Íslands til alþjóðlegra öryggis- og varnarmála væri í formi borgaralegrar friðargæslu. Ólíklegt væri að miklar breytingar yrðu á varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna í náinni framtíð en löndin þyrftu að finna út úr því hvernig þau vildu að samband þeirra þróaðist.

Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastjóri UN Women, kynnti HeForShe, alþjóðlega hreyfingu UN Women sem hvetur sérstaklega karlmenn til að láta til sín taka í baráttunni fyrir kynjajafnrétti. Hún sagði frá uppruna verkefnisins, þróun þess á Íslandi og komandi verkefnum, m.a. áherslu á baráttuna gegn ofbeldi gegn konum á internetinu. Í umræðum var m.a. rætt um kynjaða fjárlagagerð sem fulltrúar Noregs og Íslands gátu deilt sinni reynslu af.

Loks flutti Arndís Gunnarsdóttir, lögfræðingur hælisleitenda hjá Rauða kross Íslands, erindi um flóttamannastefnu Íslands, helstu áskoranir og frumvarp um nýja löggjöf í málaflokknum. Hún sagði vandann ekki stóran á Íslandi enn þá en það gæti átt eftir að breytast. Rætt var um hvaða leiðir Ísland notaði til að koma í veg fyrir að glæpamenn kæmust óáreittir inn í landið, hvernig hælisumsóknir væru metnar og hvernig öryggi og réttindi barna sem kæmu ein til landsins væru tryggð. Loks var rætt um hvernig Norður- og Eystrasaltslöndin tækju á málefnum stúlkna undir lögdri sem kæmu til landanna sem flóttamenn í fylgd mun eldri eiginmanna.

Ákveðið var að næsti samráðsfundur Norður- og Eystrasaltslandanna innan þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu yrði í Helsinki í janúar 2017. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org